

23. október 2025 – Fréttatilkynning

Sjóvá – Árshlutauppgjör

666 m.kr. hagnaður og samsett hlutfall 90,6% á fyrstu níu mánuðum ársins

Þriðji ársfjórðungur 2025

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 936 m.kr. (3F 2024: 877 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 552 m.kr. (3F 2024: 710 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 1.145 m.kr. (3F 2024: 1.441 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 1,7% (3F 2024: 2,3%)
- Samsett hlutfall 89,6% (3F 2024: 89,9%)

Fyrstu níu mánuðir ársins 2025 og horfur

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 2.447 m.kr. (9M 2024: 970 m.kr.)
- Tap af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.013 m.kr. (9M 2024: 757 m.kr. hagnaður)
- Hagnaður tímabilsins 666 m.kr. (9M 2024: 1.429 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 0,6% (9M 2024: 3,8%)
- Samsett hlutfall 90,6% (9M 2024: 96,1%)
- Horfur fyrir árið 2025 eru nú að afkoma af váttryggingasamningum verði um 2.500 – 2.700 m.kr. og samsett hlutfall á bilinu 92-93%
- Horfur til næstu 12 mánaða gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði 1.900 – 2.600 m.kr. og samsett hlutfall 93-95%

Hermann Björnsson, forstjóri:

Hagnaður Sjóvár á þriðja ársfjórðungi nam 1.145 m.kr. og samsett hlutfall var 89,6%. Afkoma fjárfestinga fyrir skatta var 552 m.kr. og afkoma af váttryggingasamningum fyrir skatta var 936 m.kr.

Afar sterkur grunnrekstur endurspeglar niðurstöður fyrir bæði þriðja fjórðung sem og fyrir fyrstu 9 mánuði ársins. Tekjuvöxtur á fjórðungnum er í takt við áætlanir en minni en síðustu misseri en taka verður tillit til þess að markaðshlutdeild Sjóvár hefur vaxið mikið undanfarin ár. Áfram verður lögð áhersla á arðbæran tryggingarekstur með framúrskarandi þjónustu.

Afkoma af fjárfestingum fyrir fjármagnsliði og skatta var 958 m.kr. á þriðja ársfjórðungi sem er lítillega undir væntingum en í takt við þróun markaða. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri afkomu á fjórðungnum. Ávöxtun skráðra hlutabréfa var 1,0%, óskráðra hlutabréfa 0,2%, ríkisskuldabréfa 2,1%, annarra skuldabréfa 2,1% og safnsins alls 1,7%. Í lok þriðja ársfjórðungs var eignasafnið 61,2 milljarðar króna.

Hagnaður Sjóvár á fyrstu 9 mánuðum ársins nam 666 m.kr. Þar af nam hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 2.447 m.kr. og samsett hlutfall 90,6%. Þá var tap af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.013 m.kr.

Rekstrarniðurstaða á fyrstu níu mánuðum ársins endurspeglar sterkan grunnrekstur samstæðunnar. Tjónaþróun hefur verið hagfelld það sem af er ári, sér í lagi þar sem ekkert stórtjón henti á tímabilinu og útskýrir stórbætta afkomu váttryggingasamninga á milli ára. Afkoma af fjárfestingastarfsemi er undir væntingum á tímabilinu sem helgast af neikvæðri þróun á skráðum hlutabréfum fyrri hluta árs.

Nýjustu mælingar EMC markaðsrannsókna staðfesta áframhaldandi sterka ímynd Sjóvá og afgerandi forystu sem fyrsta val á váttryggingamarkaði. Það er ánægjuleg staðfesting á þjónustuvegferð okkar sem og fyrirtækjamenningu sem viðskiptavinir kunna að meta. Áherslur okkar til framtíðar eru að halda áfram að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina þar sem við byggjum á þekkingu á tryggingum og teljum stöðu okkar afar sterka í breyttu landslagi á váttryggingamarkaði.

Margar ánægjulegar fréttir eru af starfseminni á nýliðnum ársfjórðungi.

Sjóvá hlaut viðurkenningu Jafnvægisvogarinnar 2025 sem afhent var nýlega. Við höfum verið í hópi viðurkenningarhafa hvert ár frá því mælingin hófst árið 2019. Það er árangur sem við erum stolt af.

Þá hlaut Sjóvá nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum 2025, sem endurspeglar trausta stjórnarhætti og faglegt stjórnunarstarf.

Verkefnið „*Ekki taka skjáhættuna*“, sem er samstarfsverkefni Sjóvár og Samgöngustofu og er ætlað að stuðla að minni farsímanotkun undir stýri, hefur skilað miklum árangri. Símnótun mælist 8,6% minni á árinu 2024 en árið áður, sem jafngildir yfir 700 milljóna króna samfélagslegum sparnaði, skv. útreikningum Samgöngustofu.

Við höfum breytt horfum okkar fyrir árið 2025 og er afkoma af váttryggingasamningum áætluð um 2.500–2.700 m.kr. í stað 1.700–2.400 m.kr. og samsett hlutfall á bilinu 92–93% í stað 93–95% áður. Horfur til næstu 12 mánaða eru að afkoma af váttryggingasamningum verði á bilinu 1.900–2.600 m.kr. og samsett hlutfall 93–95%. Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingaeigna í stýringu nemi 8,5% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu. Ekki verður upplýst um frávík frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til verulegra breytinga á óskráðum eignum eða á eignasafni.

Við gerð áætlunar er stuðst við ýmis opinber gögn, t.d. spár um þróun vísitalna, hagvöxt og áætlaðan ferðamannafjölda. Þá er lítið til tjónaþróunar undanfarinna ára auk þess sem áætlað er fyrir tveimur til þremur stórtjónum á árinu.

Kynningarfundur 23. október kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 23. október kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjórið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni sjova.is/afkomukynning. Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið fjarfestar@sjova.is fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár sjova.is/fjarfestar frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

Fjárhagsdagatal

Ársuppgjör 2025.....	12. febrúar 2026
Aðalfundur 2026.....	12. mars 2026

Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna þriðja ársfjórðungs 2025.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða fjarfestar@sjova.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur

	3F 2025	3F 2024	%	9M 2025	9M 2024	%
Tekjur af váttryggingasamningum	9.034.445	8.714.017	3,7%	26.101.710	25.140.396	3,8%
Tjón tímabilsins	(6.201.586)	(6.104.796)	1,6%	(17.783.468)	(18.390.606)	-3,3%
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.571.608)	(1.520.119)	3,4%	(5.046.554)	(4.824.967)	4,6%
Afkoma af endurtryggingasamningum	(324.967)	(211.700)	53,5%	(824.380)	(955.039)	-13,7%
Afkoma af váttryggingasamningum	936.284	877.402	6,7%	2.447.307	969.784	-
Hreinar fjármunatekjur	44.495	7.015	-	564.979	582.575	-3,0%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	1.018.997	1.343.292	-24,1%	(98.840)	1.721.931	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(105.262)	(98.206)	7,2%	(298.563)	(288.286)	3,6%
Afkoma fjárfestinga	958.230	1.252.102	-23,5%	167.576	2.016.220	-91,7%
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(406.608)	(541.780)	-24,9%	(1.180.185)	(1.259.653)	-6,3%
Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði	551.622	710.321	-22,3%	(1.012.609)	756.568	-
Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum	1.487.906	1.587.723	-6,3%	1.434.698	1.726.352	-16,9%
Aðrar tekjur	22.921	38.278	-40,1%	139.519	134.979	3,4%
Annar rekstrarkostnaður	(12.295)	(10.573)	16,3%	(35.988)	(36.184)	-0,5%
Annar fjármagnskostnaður	(16.397)	(16.667)	-1,6%	(49.733)	(50.238)	-1,0%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.482.135	1.598.761	-7,3%	1.488.496	1.774.908	-16,1%
Tekjuskattur	(336.976)	(157.289)	-	(822.806)	(345.977)	-
Hagnaður tímabilsins	1.145.159	1.441.472	-20,6%	665.690	1.428.931	-53,4%

Helstu kennitölur	3F 2025	3F 2024	9M 2025	9M 2024
Tjónahlutfall	68,6%	70,1%	68,1%	73,2%
Endurtryggingahlutfall	3,6%	2,4%	3,2%	3,8%
Kostnaðarhlutfall	17,4%	17,4%	19,3%	19,2%
Samsett hlutfall	89,6%	89,9%	90,6%	96,1%

Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	27,1%	29,6%	8,3%	10,4%
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	21,0%	26,7%	3,7%	8,4%
Eiginfjárhlutfall			30,3%	30,7%
Gjaldþolshlutfall			1,42	1,45
Lágmarksfjármagnshlutfall			3,26	3,33

Helstu liðir úr efnahagsreikningi	30.9.2025	31.12.2024
Verðbréf	61.056.393	62.575.602
Endurtryggingaeignir	2.106.355	2.040.927
Eignir samtals	73.942.822	75.692.333
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga	42.433.038	41.712.958
Eigið fé samtals	22.437.093	25.128.078

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar 30. september 2025 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundum þann 23. október 2025. Árshlutareikningurinn hefur hvorki verið kannaður né endurskoðaður af endurskoðendum félagsins